

Minnisblað um skipulags- og umhverfismál

Dagsetning:	1. nóvember 2021
Verkkaupi:	Akrahreppur og Sveitarfélagið Skagafjörður
Efni:	Skipulags- og umhverfismál.
Viðtakandi:	Samstarfsnefnd
Höfundur:	Róbert Ragnarsson, Freyja Sigurgeirsdóttir og Gunnar Úlfarsson, RR ráðgjöf

Aðdragandi

Á fundi samstarfsnefndar um mögulega sameiningu sveitarfélaga í Skagafirði þann 29. október sl. var núverandi staða skipulags- og umhverfismála í Skagafirði rædd. Áskoranir, tækifæri og framtíðarsýn í málaflokknum voru auk þess rædd. Gestir fundarins voru Steinn Leó Sveinsson sviðsstjóri veitu- og framkvæmdasviðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Einar Andri Gíslason, byggingarfulltrúi Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Sæunn Kolbrún Þórólfsdóttir, skipulagsfulltrúi Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Framhald umræðunnar í málaflokknum fór fram á fundi nefndarinnar þann 4. nóvember sl.

Skipulags- og byggingarmál

Í byggingar- og skipulagsnefnd Akrahrepps sitja þrjár fulltrúar og tveir til vara. Nefndin tekur ákvarðanir á sviði skipulags- og byggingarmála sem falla ekki undir verksvið skipulags- og byggingarfulltrúa. Skipulags- og byggingarfulltrúar Sveitarfélagsins Skagafjarðar sitja fundi byggingar- og skipulagsnefndar Akrahrepps.

Í skipulags- og byggingarnefnd Sveitarfélagsins Skagafjarðar sitja þrjár fulltrúar og jafn margir til vara auk áheyrnafulltrúa. Samkvæmt samþykkt um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins annast nefndin störf sem 6. gr. skipulagslaga kveður á um, skipulag hafnarsvæða að tillögu umhverfis- og samgöngunefndar og umferðarmál samkvæmt umferðarlögum nr. 50/1987.

Skipulags- og byggingarfulltrúi

Samningur er í gildi milli Akrahrepps og Sveitarfélagsins Skagafjarðar um þjónustu skipulags- og byggingarfulltrúa. Samkvæmt 1. gr. samningsins selur Sveitarfélagið Skagafjörður Akrahreppi þjónustu embættis skipulags- og byggingarfulltrúa sem starfar á grundvelli skipulagslaga nr. 123/2010 og laga um mannvirki nr. 160/2010 en í ákvæðinu segir ennfremur:

„Skipulags- og byggingarfulltrúi tekur ákvarðanir í samræmi við heimildir framangreindra laga, en Akrahreppur tekur allar aðrar ákvarðanir um skipulags- og byggingarmál og framselur að því leyti ekki vald til töku ákvarðana til Sveitarfélagsins Skagafjarðar.“

Aðalskipulagsáætlanir

Sveitarfélögum er skylt að hafa í gildi aðalskipulag sem er skipulagsáætlun fyrir sveitarfélagið og tekur til alls lands innan marka þess. Aðalskipulag hefur að geyma stefnu sveitarstjórnar um þróun sveitarfélagsins varðandi landnotkun, byggðapróun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál. Fjallað er um aðalskipulagsáætlanir í VII. kafla skipulagslaga nr. 123/2010.

Aðalskipulag Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2009-2021 rennur út á þessu ári en heildarendurskoðun er vel á veg komin og stefnt er að því að ná að staðfesta aðalskipulagið fyrir áramót. Á núgildandi aðalskipulagi hafa verið gerðar eftirfarandi breytingar:

- Gönguskarðsárvirkjun
- Deplar í Fljótum
- Blöndulína 3
- Sauðárkrókslína 2
- Enistökusvæði
- Virkjunarkostir í Skagafirði.

Aðalskipulag Akrahrepps 2010-2022 er einnig í heildarendurskoðun en komin skemur á veg en aðalskipulag Sveitarfélagsins Skagafjarðar en vert er að hafa í huga að gildistími þess er út næsta ár.

Veitu og framkvæmdasvið Sveitarfélagsins Skagafjarðar

Í Sveitarfélaginu Skagafirði er starfandi veitu- og framkvæmdasvið sem hefur yfirumsjón með nýframkvæmdum og viðhaldsverkefnum á vegum sveitarfélagsins, rekstur og viðhald veitukerfa, umhverfis- og hreinlætismál og umferða- og samgöngumál. Sviðsstjóri veitu- og framkvæmdasviðs er einnig yfirmaður Eignasjóðs sem hefur yfirumsjón með rekstri og viðhaldi á fasteignum sveitarfélagsins. Veitu- og framkvæmdasvið er staðsett á tveimur stöðum á Sauðárkróki, að Borgarteig 15 og Borgarflöt 27. Yfir sumartímamann er starfrækt þjónustumiðstöð við Norðurbraut á Hofsósi.

Í veitunefnd Sveitarfélagsins Skagafjarðar sitja þrír fulltrúar og jafn margir til vara auk áheyrnafulltrúa. Verksvið hennar er að annast stefnumótun um uppbyggingu, rekstur og þjónustusvið hita-, vatns-, sjó- og fráveitu. Í umhverfis- og samgöngunefnd sveitarfélagsins sitja þrír fulltrúar og jafn margir til vara auk áheyrnafulltrúa. Nefndin fer með hafnamál skv. hafnalögum nr. 61/2003 og samgöngumál almennt í sveitarfélaginu. Verksvið nefndarinnar er nánar útlistað í samþykkt um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Skagafjarðar.

Sameiginlegur verktaki sinnir sorphirðu og losun rotþróa. Sveitarfélögin eru sameiginlega að vinna að útboði sorpmála og mun niðurstaða þess útboðs hafa í för með sér breytingar í sorpmálum. Samkvæmt lögum um meðhöndlun úrgangs skal innheimta gjald fyrir meðhöndlun úrgangs í samræmi við kostnað. Gjaldskrá fyrir sorphirðu er tekin upp í Akrahreppi og innheimta hefst árið 2022. Í tengslum við sameiginlegt útboð sveitarfélaganna í Skagafirði á þessari þjónustu og mögulegum þjónustubreytingum verður gjaldskrá jafnframt endurskoðuð í Sveitarfélaginu

Skagafirði og gjaldskráin því samræmd innan sameiginlegs sorphirðusvæðis beggja sveitarfélaga. Miðað er við að niðurstaða í útboði og framkvæmd í kjölfarið ráðist á vordögum 2022.

Að öðru leyti sér veitu- og framkvæmdasvið um eignaumsýslu og heldur utan um eignir sveitarfélagsins sem eru margar hverjar sameiginlegar eignir beggja sveitarfélaga í Varmahlíð.

Skagafjarðaveitur þjónustar bæði sveitarfélögin en fyrirtækið sér um rekstur hitaveitna og fer með aðra starfsemi sem tengist vinnslu, dreifingu og sölu á heitu vatni.

Framtíðarsýn

Samkvæmt 2. gr. samstarfssamnings um skipulags- og byggingarfulltrúa útvegar Akrahreppur viðeigandi skjalavistunar- og skráningarkerfi en notast er við mismunandi kerfi í sveitarfélögunum tveimur. Að mati sérfræðinga sem komu á fund nefndarinnar myndi sameining sveitarfélaganna leiða af sér hagræði þegar kemur að vinnslu og skráningu mála þar sem sama kerfið yrði þá notað.

Ekki er von á miklum breytingum í skipulags- og umhverfismálum að mati nefndarinnar m.a. í ljósi þess að verkefni eru í dag annað hvort unnin í samstarfi eða með samningi um að Sveitarfélagið Skagafjörður veiti þjónustu. Helsta breytingin gæti snúið að byggingarleyfisgjöldum en íbúar í Akrahreppi greiða ekki slík gjöld samkvæmt núgildandi fyrirkomulagi.

Í töflunni hér að neðan má, í dæmaskyni, sjá tilgreiningu verkefna sem sveitarfélögum er skylt að sinna samkvæmt lögum í skipulags- og umhverfismálum.

Lögskyld verkefni	Akrahreppur	Sv. Skagafjörður
Starfandi náttúruverndarnefnd	Nei	Já*
Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs	Já	Já
Samþykkt um meðhöndlun úrgangs	Nei	Já
Gjald innheimt fyrir förgun úrgangs	Nei	Já
Gjald innheimt fyrir meðhöndlun úrgangs	Nei	Já
Skrá yfir jarðir, lönd og lóðir innan sveitarfélags í landeignaskrá sem skal vera hluti af fasteignaskrá	Nei	Nei
Árlegar skýrslur um refaveiðar og kostnað við þær	Já	Já

*Umhverfis- og samgöngunefnd fer með málefni sem varða m.a. náttúruvernd.